

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Bakkagerðis 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 2. desember 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Breytingin felst í að:

1. Hluti Vallargerðis austan Bakkagils verður sjálfstæð gata nefnd Meltún með breytta legu og lóðaskipan.
2. Melbotn lengist um 30 m til austurs og lóðaskipan er breytt.
3. Lóðaskipan við göturnar Breiðamel, Melbrekku og Melbrún er breytt.
4. Lóð fyrir spennistöð verður á lóð nr. 2 við Breiðamel í stað lóðar nr. 1 við Melbrekku.

Uppdráttur ásamt nýjum skipulags- og byggingarskilmálum hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir allir eldri skipulags- og byggingarskilmálar með skipulagi þessu.

*Fjarðabyggð, 4. janúar 2005.*

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

**Gunnar Jónsson**, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.